

Þjóna öðrum í trú

Uchtdorf forseti segir okkur að *nauðsynlegt* sé að „verk fylgi“ trú á Guð. Þegar trú okkar er „bundin stöðugum verkum,“ útskýrir hann, „þá fyllist . . . sálin friði og kærleika.“ Með loforði um þessa blessun, þá *getum* við komið góðu til leiðar og við getum séð raunveruleika þess í lífi okkar, ef við gefum okkur tíma til að þjóna í trú. Þið getið beðið fyrir hvern morgun um að Drottinn hjálpi ykkur að þjóna öðrum. Biðjið hann til að mynda um að sýna ykkur þegar systkini þarfnast hjálpar við heimilisstörfin eða vinur þarfnast hvatningar. Þegar þið svo fáid hugboð, farið þá eftir því! Ef þið venjið ykkur á að biðja og þjóna á þennan hátt, þá mun stöðug og trúföst breytni ykkar blessa ykkur sjálf og aðra. Uchtdorf forseti lofar að þið munuð „geta haft bætandi áhrif á einstaklinga, fjölskyldur, þjóðir og heiminn.“



Traust

Reynið þetta með vini. Þið þurfið að treysta honum og fylgja leiðsögn hans vandlega.

Takið ykkur penna eða blýant í hönd og lokið augunum. Fáid vin ykkar til að segja ykkur hvar teikna á augu, nef, munn og hár til að úr verði andlit. Skoðið síðan árangurinn. Hvernig tókst til? Þið getið litað andlitið og endurtekið leikinn með því að teikna annað.

Stundum reynist erfitt að fylgja leiðsögn. Þegar við hins vegar reynum að fylgja himnskum föður með því að hlusta á heilagan anda, þá mun hann hjálpa okkur. Við getum ætíð sett traust okkar á hann.

